

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 23/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2008 frá 1. febrúar 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/55/EB frá 17. september 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asínfosmetýl <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/56/EB frá 17. september 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, klórþalóníl, deltametrín, hexaklórþensen, joxýníl, oxamýl og kínoxýfen <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/57/EB frá 17. september 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dífíókarbamöt <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE):  
„– **32007 L 0055**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/55/EB frá 17. september 2007 (Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 41),  
– **32007 L 0057**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/57/EB frá 17. september 2007 (Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 61).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 41.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 50.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 61.

2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
- „– **32007 L 0055**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/55/EB frá 17. september 2007 (Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 41),
  - **32007 L 0056**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/56/EB frá 17. september 2007 (Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 50),
  - **32007 L 0057**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/57/EB frá 17. september 2007 (Stjtið. ESB L 243, 18.9.2007, bls. 61).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/55/EB, 2007/56/EB og 2007/57/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.